

400. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 9. apríl 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Auður Kjartansdóttir
Björn H Hilmarsson
Júníana Björg Óttarsdóttir
Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JBJ
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Margrét Vilhjálmsdóttir í fjarveru PZ
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) **Fundargerð 365. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 19. mars 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 366. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 9. apríl 2026. Lögð fram á fundinum.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025.**
Á fundinn mættu endurskoðendur Snæfellsbæjar, Jónas Gestur Jónasson og Marinó Mortensen frá Deloitte, og voru þeir boðnir velkomnir.
Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfsemi er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.
Fóru endurskoðendur yfir helstu tölur í ársreikningi 2025.
Nokkur umræða skapaðist um ársreikninginn að yfirferð lokinni og svöruðu endurskoðendur spurningum bæjarfulltrúa.
Véku Jónas Gestur og Marinó nú af fundi og var þeim þökkud koman.
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa ársreikningi Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025 til síðari umræðu í bæjarstjórn fimmtudaginn 7. maí 2026.
- 4) **Sorpmál í Snæfellsbæ.**
Smári Jónas Lúðvíksson mætti á fundinn og fór yfir það hvernig innleiðing á nýja sorpkerfinu hefur gengið í bæjarfélaginu.
Smára var nú þökkud koman og upplýsingarnar og vék hann af fundi.
- 5) **Fundargerð 200. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. mars 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6) **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 23. mars 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 7) **Fundargerð 23. fundar öldungaráðs, dags. 24. mars 2026.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 8) **Fundargerðir 3. og 4. fundar stýrihóps um menntastefnu Snæfellsbæjar, dags. 12. febrúar og 12. mars 2026.**
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like MSB, FS, and EJ, along with other illegible marks.

- 9) **Fundargerðir 240. og 241. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 20. janúar og 24. febrúar 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Fundargerð 201. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 23. mars 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Fundargerðir 994., 995. og 996. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. mars, 10. mars og 20. mars 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 12) **Minnisblað starfshóps um mat á þörf á nýrri slökkvibifreið, dags. 27. mars 2026.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að senda minnisblaðið í vinnu við fjárhagsáætlun 2027 og þakkar jafnframt starfshópnum fyrir vel unnin störf.
- 13) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 26. mars 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Hellisbrautar 18 ehf., um leyfi til að reka veitingastað í flokki II, veitingasala og greiðasala, að Hellisbraut 18 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Hellisbrautar 18 ehf., um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, veitingasala og greiðasala, að Hellisbraut 18 á Hellissandi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 14) **Bréf frá Samkeppniseftirlitinu, dags. 26. mars 2026, varðandi niðurstöður vinnustofu og ráðstefnu um opinber innkaup.**
Lagt fram til kynningar.
- 15) **Ályktun fulltrúafundar Skógræktarfélag Íslands, dags. 28. mars 2026.**
Lagt fram til kynningar.
- 16) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit ársins 2026
 - Bæjarstjóri fór yfir fjárhagsstöðu stofnana Snæfellsbæjar.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að búið er að ljúka við um 90% af listanum yfir listaverk Snæfellsbæjar og er hann kominn á heimasíðu bæjarfélagsins.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að stjórn SSV er búin að senda frá sér ályktun um frumvarp innviðaráðherra til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 þar sem lagt er til að fella brott línuvildun og skel- og rækjubætur. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar tekur undir ályktun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og lýsir einnig áhyggjum af frumvarpinu. Ljóst er að afnám línuvildunar gæti haft áhrif á útgerð í Snæfellsbæ en á tímabilinu 2020-2024 var Snæfellsbær þriðja stærsta sveitarfélag landsins með línuvildunarafla, eða 7.168 tonn.
 - Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál.
 - Bæjarstjóri ræddi málefni Jaðars og sölu eignarhluta Snæfellsbæjar til ríkisins. Bæjarstjórn þykir þetta mál hafa tekið alltof langan tíma og óskar eftir því við bæjarstjóra að gengið verði frá þessum málum sem allra fyrst.
 - Bæjarstjóri sagði frá verðkönnun vegna niðurrifs á Áttthagastofunni og frá því að búið er að ganga frá samningi við verktaka til að rífa húsið.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að það sést marktækur munur á hitunarkostnaði grunnskólahúsnaðisins í Ólafsvík eftir að húsnaðið var einangrað. Óskaði hann eftir fjárframlagi upp á 5 milljónir til að kaupa og koma fyrir varmadælu sem myndi nýtast grunnskólahúsnaðinu og íþróttahúsinu í Ólafsvík. Bæjarstjórn samþykkti umbedið fjárframlag samhljóða.
 - Leikskólinn Kríuból hélt upp á 40 ára starfsafmæli í nýja húsnaðinu í gær. Snæfellsbær gaf leikskólanum 200 þúsund krónur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:23


MST
AU
FS
W
BH
EB
J
M


Auður Kjartansdóttir



Björn H Hilmarsson



Margrét Sif Sævarsdóttir


Jónína Björg Óttarsdóttir


Fríða Sveinsdóttir


Eiríkur Böðvar Rúnarsson


Margrét Vilhjálmsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari